

Fiskimið, sem notuð voru frá Ytri-Ey og afSkagatrönd.

Skersli einkenndist sem grynasta mið, Sauðasker, sem er fram af Skagatröndarhöfðanum nyrst, sátt koma fram undan Hólsnefinu, sem er syðsti ~~klukk~~ oddi höfðans að sunnan. Ef dýpra var róið, þá var lítil bunga, sem nefnd var þúfa (Litla-Skjaldbreið), sem er á svæði upp af Króksbjargi og heitir Brúni. Næsta djúpmið heitir Brún, þegar Kerlingarbjarg, sem er ofan (utan?)við Tjörn í Nesjum, sást koma fram undan Króksbjargi. Þá var eitt auðþekkt mið, Fossárfossinn kemur fram undan Króksbjargi. Það var kallað fram á Foss. Mið þau, sem nú voru talin eru djúpmið í norðurátt. Eitt mið úr suðurátt er Hjalla-landshjalli. Frá Ytri-Ey miðað þegar hann kom fram undan Axlarösklinni.

Brekknaklettur hét mið, lík ~~lík~~ undan Brekku.

*Djúpt af Höfðunni*

Indriði Brynjólfsson, frá Ytri-Ey